

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, hótél og frístundabyggð, Hnaus 2, lnr. 192333.

Deiliskipulagið nær yfir 38 ha svæði úr landi Hnauss 2 þar sem skipulögð er frístundabyggð og hótél en er jafnframt skógræktarsvæði. Gert er ráð fyrir fjórum frístundahúsalóðum þar sem byggja má á hverri þeirra eitt aðalhús allt að 120 m² og eitt aukahús allt að 30 m². Einnig er gert ráð fyrir einni hótellóð þar sem heimilt er að byggja allt að 2.000 m² 20 herbergja hótélbyggingu (hæð og kjallari).

Samþykkt í sveitarstjórn 11. janúar 2017.

Auglýsing nr. 163/2017 birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. febrúar 2017 fellur hér með úr gildi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. mars 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2017